Leiðsögn um Magma/Kviku

Þátttakendur í i hönnunarsýningunni Magma/Kvika sem nýlega var opnuð hjá Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum munu taka þátt í tuttugu mínútna hádegisleiðsögn á fimmtudögum þar sem fjallað er um verk þeirra og feril. Ríf andi aðsókn hefur verið að sýningunni og muna aðstandendur vart annað eins; raðir hafa myndast við innganginn og munir selst upp í sérstakri verslun sem opnuð var í tengslum við sýninguna.

Fyrst til að kynna verk sitt er arkitektinn Theresa Himmer, sem starfar hjá Studio Granda. Verk Theresu er palíettufoss sem teygir sig eftir langvegg kaffiteríunnar. Fossinn er gerður úr næfurþunnum palíettum sem flökta til og frá og mynda þannig iðu vatnsfallsins.



Theresa hefur gert fleiri palíettufossa, t.a.m. þann sem líður niður vegg Hans Petersenshússins í Bankastrætinu og kenndur er við Skógarfoss. Fossinn á Kjarvalsstöðum, sem er ívið tilkomumeiri, er að sama skapi óður arkitektsins til hins tignarlega Goðafoss.

Leiðsögnin hefst kl. 12 en að henni lokinni er hægt að gæða sér á ljúffengum veitingum í kaffiteríunni í notalegu umhverfi. Vakin skal athygli á því að frítt er inn á safnið á fimmtudögum og opið líkt og aðra daga milli 10 og 17.

LEIÐSÖGN Í HÁDEGINU Theresa Himmer arkitekt ríður á vaðið og segir frá fossinum sem nú prýðir vegg Kjarvalsstaða.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

21 22 23 **24** 25 26 27

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Orgelsnillingurinn **Michael Radualescu** stýrir tónleikum í kirkjunni þar sem fluttar verða tvær kantötur eftir **J. S. Bach.** Einsöngvarar eru **Ólöf Kolbrún Harðardóttir**, **Sesselja Kristjánsdóttir**, **Þorbjörn Rúnarsson** og **Bergþór Pálsson**. Kór Langholtskirkju syngur og Kammersveit Langholtskirkju leikur en konsertmeistari er **Júlíana Elín Kjartansdóttir.**

☐ 20.00 **Lúðrasveit Reykjavíkur** fagnar 85 ára afmæli sínu með tónleikum **Seltjarnarneskirkju**. Sérstakir gestir á þessum afmælistónleikum eru **Sigurður Flosason** saxófónleikari. og klarínettuleikarinn **Kristján Rúnarsson**. Fjölbreytt efnisskrá verður leikin í tilefni dagins. Stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur er **Lárus Halldór Grímsson**. Aðgangur á tónleikana er ókeypis

☐ 21.00 Fjórtándu tónleikar vetrarins hjá **djassklúbbnum Múlanum** fara fram á **DOMO** í kvöld. Þar leikur hljómsveitin **Dr. Zhivago** lög ameríska gítarleikarans **Kurt Rosenwinkel** enn hann er einn áhrifamesti gítarleikari og tónskáld yngri kynslóðarinnar. Dr. Zhivago er skipuð þeim **Ásgeiri J. Ásgeirssyni** gítarleikara, **Ólafi Jónssyni** saxófónleikara, **Agnari Má Magnússyni** sem leikur á píanó, Þorgrími Jónssyni sem leikur á bassa og trommuleikarinn **Scott McLemore**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
fö. 25. maí kl. 20 örfá sæti laus, 1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20
MÝRAMAÐURINN - höf. og leikari Gísli Einarsson
mán. 28.maí kl.20 - annar í hvítasunnu
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20
SVONA ERU MENN - höf. og flytjendur KK og Einar Kárason
lau 26. maí kl. 20 Svona eru menn (KK og Einar) Síðasta sýning
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Egils Gull
BREWED WITH ICELANDIC BARLEY
LÉTTÖL
GULLHÁTÍÐ Á GAUKI Á STÖNG
23. - 27. maí
Fim: Dúndurfréttir Kl. 21 - 01
Fös: Sixties kl. 21 - 04
Margverðlaunaður stór Egils Gull á kr. 390 - öll kvöld.
GAUKUR Á STÖNG REYKJAVÍK
Velkomin heim!

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Nú verður líf og fjör á Sinfóníutónleikum því flytja á tónleikauppfærslu Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar á hinum geysivinsæla söngleik *Ávaxtakörfunni*.
Sannkallaðir fjölskyldutónleikar sem enginn má missa af! Miðasala er hafin.

SINFÓNÍA ÚR ÁVAXTAKÖRFUNNI Í HÁSKÓLABÍÓI
LAUGARDAGINN 2. JÚNÍ KL. 14.00
LAUGARDAGINN 2. JÚNÍ KL. 17.00

Ávaxta karfan

EINSÖNGVARAR SELMA BJÖRNSDÓTTIR, ANDREA GYLFADÓTTIR, VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR, JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON
ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS, SÖGUMAÐUR ÖRN ÁRNASON, HLJÓMSVEITARSTJÓRI BERNHARÐUR WILKINSON
HANDRIT KRISTLAUG MARÍA SIGURÐARDÓTTIR, TÓNLIST ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON

MIÐAVERÐ ::: 1.600 / 1.200 KR. FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS



FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS